



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019

1. Viðauki vegna samgöngusamninga tímabilið janúar til júní 2019

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 93.663 þ.kr. vegna samgöngusamninga á tímabilinu janúar til júní 2019. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og sundurliðast með eftirfarandi hætti á fagsvið Reykjavíkurborgar:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Íþrótta- og tómsundasvið	Til	2.632
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	2.634
SFS	xxxx	Skóla- og fristundasvið	Til	68.825
USK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið ES	Til	959
USKRK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið AS	Til	2.024
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	13.946
RHS	xxxx	Miðlæg stjórnsýsla	Til	2.643
ÖNN	09126	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-93.663
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

2. Viðauki vegna félagsdóms nr. 16/2016 um launagreiðslur til tímavinnustarfsfólks (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 29.467 þ.kr. vegna áhrifa félagsdóms nr. 16/2016 um launagreiðslur til tímavinnustarfsfólks á kjarasamninga Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (STRV) og Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) 2019. Breytingin verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og færast með eftirfarandi hætti:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til 29.467
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -29.467
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 22. júní 2017 féll dómur félagsdóms í máli nr. 16/2016, Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Eflingar stéttarfélags gegn Reykjavíkurborg. Viðurkennt er að Reykjavíkurborg hafi brotið gegn grein 1.4.2. í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags frá 13. nóvember 2015. Um er að ræða sambærilega breytingu gagnvart starfsmönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (STRV) og Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) og kostnaðaráhrif þess á árið 2019.

3. Útboð vegna námsgagna í grunnskólum Reykjavíkurborgar (SFS)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 40.500 þ.kr. vegna útboðs á gjaldfrjálsum námsgögnum í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SFS	XXX	Skóla- og frístundasvið	Til 40.500
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -40.500
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Í samræmi við samþykktir Borgarstjórnar, um að bjóða skuli börnum í Reykjavík upp á ókeypis námsgögn í grunnskólum Reykjavíkurborgar, þá var efnt til útboðs hjá söluaðilum ritfanga í júní sl. Einn aðili gerði tilboð í námsgögnin, Egilsson ehf. (A4). Þær vörur sem voru boðnar voru uppfylltu allar gæðakröfur sem skóla- og frístundasvið gerði auk þess sem tilboð Egilsson ehf. uppfyllti allar kröfur útboðsins. Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar sá um framkvæmd útboðsins. Miðað við viðmiðunarmagn, sem tók mið af síðasta útboði, og spá um hve mikið þyrfti að endurnýja hjá skólum borgarinnar, þá var tilboðsfjárhæð með vsk. 30,4 mkr. Eftir yfirferð lista um það magn sem hver og einn skóli þarf fyrir skólaárið 2019-2020 samkvæmt tilboðsverðum þá er heildarfjárhæð á námsgögnum til grunnskóla 36,8 mkr. Þessu til viðbótar er óskað eftir svigrúmi upp á 10%, (3,7 mkr.) þar sem búast má við einhverjum breytingum þegar kemur að endanlegri afgreiðslu á vörum til skóla.

Samtals er beiðni um viðauka vegna námsgagna upp á kr. 40,5 mkr. fyrir börn í grunnskólum sem eru rúmlega 14.200.

4. Launaþróunartrygging samkvæmt rammasamkomulagi við aðila vinnumarkaðarins

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnslu verði hækkaðar um 398.372 þ.kr. samkvæmt rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015 um hækkun launa opinberra starfsmanna, þ.e. félagsmanna ASÍ og BSRB í samræmi við laun

félagsmanna ASÍ á almennum markaði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og sundurliðast með eftirfarandi hætti á fagsvið Reykjavíkurborgar:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Íþrótta- og tómstundasvið	Til	17.363
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	15.676
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til	154.659
USK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið ES	Til	19.145
USKRK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið AS	Til	15.494
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	156.944
RHS	xxxx	Miðlæg stjórnsýsla	Til	19.089
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-398.372
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 16. apríl sl. var skrifað undir samkomulag um launaþróunartryggingu starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Samkomulagið byggir á grunni rammisamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá október 2015, en aðild að samkomulaginu eiga íslenska ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Alþýðusamband Íslands, BSRB og Samtök atvinnulífsins. Markmið samkomulagsins er að tryggja að launaþróun félagsmanna hjá ríki og sveitarfélögum dragist ekki aftur úr launaþróun á almennum markaði en það náði til ársloka 2018. Niðurstöður launaþróunartryggingar eru að félagsmenn ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,7 prósentu launaauka og félagsmenn BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,5 prósentu launaauka. Launaþróunartryggingin er afturvirk og gildir frá 1. janúar 2019. Kostnaðarmatið miðar við árið 2019 í heild.

5. Starfsmat (MOF)

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaðar um 5.500 þ.kr. vegna endurmats á starfsheitum á Borgarbókasafni. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
MOF	XXX	Menningar- og ferðamálasvið	Til	5.500
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-5.500
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Starfsmatið varðar stöðugildi bókararða, umsjónarmanna, deildarfulltrúa og skrifstofustjóra á Borgarbókasafni.

6. FÍH bókun í kjarasamningi (SFS)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundarsvið verði hækkaðar um 19.176 þ.kr. vegna

bókunar FÍH í kjarasamningi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SFS	XXX	Skóla- og fristundasvið	Til 19.176
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -19.176
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Í samræmi við bókanir frá 68. samstarfsnendarfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna, þann 8. mars 2017, kemur fram að komi til þess á þeim tíma sem eftir lifir af gildistíma kjarasamnings, þ.e. til 31. mars 2019, að laun kennara í tónlistarskólum sem eru í öðrum stéttarfélögum en FÍH breytist umfram það sem ákveðið hefur verið í 1. lið fundargerðar þessarar, munu aðilar leiðrétta launasetningu þeirra til samræmis. Jafnframt kemur fram að með breytingum sem gerðar voru á kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) með bókun samstarfsnefndar SNS og FT þann 19. september 2018 varð til mismunur í launasetningu kennara sem gegna sömu störfum og eru félagsmenn í Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Til samræmis við stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um að jafnræði ríki í launasetningu sömu starfa óháð kynferði, búsetu eða stéttarfélagasáðild, er launamunurinn leiðréttur með sérstakri aðgerð, skráð í fundargerð 3. október 2018. SNS sótti sérstakt umboð til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga til nauðsynlegra breytinga á kjarasamningi aðila sem samþykkt var á stjórnarfundi sambandsins 31. ágúst 2018.

7. Kostnaðarmat vegna skólastjórasamnings (SFS)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og fristundasviðs verði hækkaðar um 64.084 þ.kr. vegna nýs menntunarkafla í kjarasamningi skólastjórafélags Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SFS	XXX	Skóla- og fristundasvið	Til 64.084
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá -64.084
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Um er að ræða kostnaðaraukningu vegna nýs menntunarkafla í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands frá 14. desember 2018. Skv. greiningu og könnun er gert ráð fyrir að breytingin samsvari um 1,9% hækkun launa en Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir 2,4% hækkun m.a. vegna herra menntunarstigs. Breytingin var afturvirk til 1. ágúst 2018 og koma greiðslur vegna 2018 til á árinu 2019.

8. Velferðartæknismiðja (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 81.816 þ.kr. vegna samþykkrar

stefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	XXX	Velferðarsvið - Velferðartæknismiðja	Til	81.816
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-81.816
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í samræmi við mál R18020226 um stefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni, samþykkt á fundi borgarstjórnar 6. mars 2018. Gert var ráð fyrir kostnaði um 100 m.kr. á ári vegna undirbúnings og innleiðingar. Þar af hefur sviðinu verið úthlutað 22 m.kr. vegna tveggja stöðugilda verkefnastjóra. Áætlun vegna upplýsingatækni og rekstrarkostnaðar nemur um 82 m.kr. sem er ófjármagnað. Öllum liðum í aðgerðaáætlun hefur verið gert skil á árinu. Einstaka liðum, svo sem ráðningu starfsfólks, hefur verið lokið, en eru þeir enn hluti af áframhaldandi starfsemi smiðjunnar. Velferðartæknismiðja hefur komið að fimm tækniprófunum og sett fjögur þeirra í formlegt ferli.

9. Fjárheimild vegna tvígreindra kvenna (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði lækkaðar um 160.000 þ.kr. vegna frestunar á úrræði fyrir tvígreindar konur. Kostnaðarlækkunin verði flutt aftur á kostnaðarstað 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxxxx	Velferðarsvið	Til	-160.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	160.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

10. Afturvirk kjaraleiðrétting forstöðumanna (MOF)

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs verði lækkaðar um 9.950 þ.kr. vegna kjaraleiðréttingar stjórnenda. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
MOF	XXX	Menningar- og ferðamálasvið	Til	9.950
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-9.950
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Miðvikudaginn 12 júní sl. var haldinn fundur í kjaranefnd Reykjavíkurborgar þar sem tekið var fyrir erindi forstöðumanna Borgarbókasafns, Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur,

hér eftir nefndir stjórnendur (mál 2.2018). Stjórnendur óskuðu eftir því þann 7. mars 2018 að Kjaranefnd Reykjavíkur, KNR, taki til endurskoðunar röðun stjórnend í flokka og verði þar horft til þess að störfum þeirra verði raðað til samræmis við aðra beina undirmenn sviðstjóra í flokk IV. Töldu stjórnendur að ekkert samræmi væri á umfangi þeirrar starfsemi sem þeir bera ábyrgð á og þess að þeim sé raðað lægst í sérstakan flokk ásamt því að engin rök eða málefnalegar ástæður væru fyrir þeirri röðun í ákvörðun KNR nr. 1/2017. Samkvæmt ákvörðunarorðum kjaranefndar Reykjavíkurborgar þá skulu grunnlaun stjórnenda VI vera samkvæmt launaflokki 137, frá og með 1. júlí 2016. Eftirleiðis skulu stjórnendur sem fyrir þessa ákvörðun hafa raðast í flokk VI raðast í flokk IV.

Dagur B. Eggertsson